

Kópavogsbær
Ármann Kr. Ólafsson
Bæjarstjóri
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

Efni: forkaupsréttur Kópavogsbæjar að lögbýlinu Geirlandi við Suðurlandsveg.

Þann 13. október s.l. sendi Kópavogsbær staðfestingu á Ásbyrgi fasteignasölu á því að bærinn hyggist virkja forkaupsrétt sinn sem hann átti að ofangreindri jörð. Undir bréfið ritar Pálmi Þór Másson.

Undirrituð Dyljá Erna Eyjólfsdóttir kt. 170770-2939 hafði fengið samþykkt kautilboð í eignina þann 30. september s.l. Fasteignasalan Ásbyrgi sá um umrædd viðskipti og eini fyrirvari viðskiptanna var 15 daga fjármögnun kaupanda. Þegar fasteignasalan gáði betur að kom upp ofangreindur kaupréttur Kópavogsbæjar sem hvergi var skjalaður inn í umrædd viðskipti og var mér sem kaupanda verulega brugðið þegar mér var tilkynnt um að forkaupsréttur væri til staðar og einn frekar þegar ég fékk þær fréttir að rétturinn yrði virkjaður af Kópavogsbæ samkvæmt ofangreindu staðfestingabréfi.

Í framhaldi óskuðum við hjónin eftir fundi með bæjarstjóra þar sem málið var stuttlega reifað.

Með bréfi þessu óskum við eftir viðræðum við Kópavogsbæ um hvort mögulega sé hægt að finna á þessu sameiginlega lausn þannig að undirrituð fái að efna kaupin á fasteignunum sem á jörðinni eru (íbúðarhús og útihús) ásamt skilgreindu landi í kringum húsið. Hægt væri að útfæra slíkan samning þannig að Kópavogsbær hefði áfram forkaupsrétt á þeirri eign þegar og ef hún yrði seld síðar. Eins og fram kom í samtölum okkar við Bæjarstjóra þá er íbúðarhúsið e.t.v. ekki það mikilvægasta sem bærinn er að tryggja með því að virkja forkaupsréttinn. Með sanngjörnu samkomulagi þá væri hægt að tryggja að undirrituð ásamt Kópavogsbæ yrðu bæði aðilar að því að efna kaupsamninginn gagnvart seljanda.

Meðfylgjandi er staðfest kautilboð á milli seljanda og kaupanda til áréttingar á mistökum Fasteignasölunnar Ásbyrgis.

Kópavogur 4. nóvember 2021

Dyljá Erna Eyjólfsdóttir